

5. Fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2017
haldinn í utanríkisráðuneytinu miðvikudaginn 6. September 2017 kl. 10:00

Fundargerð

Mættir:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Nichole Leigh Mosty – Björt framtíð
Silja Dögg Gunnarsdóttir – Framsóknarflokkur
Birgitta Jónsdóttir – Píratar
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin - grænt framboð
Atli Viðar Thorstensen – Rauði krossinn á Íslandi
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Ragnar Gunnarsson – Kristniboðssambandið
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar
Erna Reynisdóttir - Barnaheill
Geir Gunnlaugsson - Háskóli Íslands
Anna Elísabet Ólafsdóttir – Háskólinn á Bifröst
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Guðlaugur Þór Þórðarson (utanríkisráðherra), Sturla Sigurjónsson (ráðuneytisstjóri), Sigríður Ásdís Snævarr (sendiherra), María Erla Marelsdóttir (skrifstofustjóri), Finnbogi Rútur Arnarson, Hannes Hauksson og Þórarinna Söebech (sendifulltrúar).

Guðjón Brjánsson (Samfylkingin), Vilhjálmur Bjarnason (Sjálfstæðisflokkur), Jón Steindór Valdimarsson (Viðreisn), Oddný G. Harðardóttir (samfylkingin), Valgerður Gunnarsdóttir (Sjálfstæðisflokkur) og Hanna Katrín Friðriksdóttir (Viðreisn) boðuðu forföll.

Nichole Leight Mosty sat fundinn kl. 10:55-12:15. Silja Dögg Gunnarsdóttir vék af fundi kl. 10:50 og Ragnar Schram vék af fundi kl. 11:59.

Nefndarritarar:

Ágúst Már Ágústsson
Hildigunnur Engilbertsdóttir

8. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Fundargerð sjöunda fundar var samþykkt.

2. Umfjöllun nefndar um jafningarárni þróunarsamvinnunefndar OECD

Formaður greindi frá því að á síðasta fundi ákvað nefndin að ljúka við umsögn nefndarinnar vegna jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) og lagði til að þriggja manna teymi yrði myndað til að gera drög að umsögn.

Fulltrúar í nefndinni gagnrýndu ýmis atriði í skýrslunni, m.a. að greina mætti mikið sjálfshól og að það hefði verið betra að nálgast þetta viðfangsefni af meiri auðmýkt.

Nefndarmenn voru sammála um mikilvægi tillögu nr. 3.1 í jafningjarýninni þar sem fram kemur að Ísland hafi alla burði til að hækka framlög til opinberrar þróunaraðstoðar. Í því samhengi var lögð áhersla á að forgangsraða ætti í þágu þróunarsamvinnu, en ekki biðja um aukin fjárútgjöld.

Lögð var fram tillaga að greint yrði hvaða tillögur hafi verið lagðar fram af nefndinni og að hvaða marki hafi ráðuneytið fari eftir þeim tillögum.

Nefndin ákvað að Geir Gunnlaugsson, Birgitta Jónsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir myndu gera drög að umsögn nefndar vegna jafningjarýni DAC.

3. Utanríkisráðherra fundar með nefndinni

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra, kom á fund nefndarinnar að öðru sinni á árinu.

Ráðherrann kynnti skýrslu stýrihóps um framtíð utanríkisþjónustunnar. Greindi hann frá því að tillögurnar sem eru í skýrslunni koma til framkvæmda á næstu árum. Af þeim tillögum sem tengjast þróunarsamvinnu nefndi ráðherra eftirfarandi: 1) friðargæslan verður færð frá þróunarsamvinnuskrifstofu til varnarmálaskrifstofu; 2) árangur og úttektir munu heyra undir skrifstofu ráðuneytisstjóra; 3) stofnuð verði ný deild á þróunarsamvinnuskrifstofu sem sinni svæðasamstarfi og samstarfi við atvinnulífið. Að lokum greindi ráðherra frá því að skipaður verði sendiherra í Úganda og að fastanefndin í New York og sendiráðið í París fái til sín einn þróunarsamvinnufulltrúa hvort.

Fulltrúar í nefndinni greindu ráðherra frá því að þeim hefði gefist of lítill tími til að kynna sér skýrsluna áður en hún var birt opinberlega. Sömuleiðis lagði nefndin áherslu á að ráðuneytið framfylgi tillögu 3.1 í jafningjarýni DAC um að hækka framlög til þróunarsamvinnu.

4. Umfjöllun um skilgreiningar á framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar

Á fund nefndarinnar komu Hannes Hauksson, yfirmaður fjármála á þróunarsamvinnuskrifstofu, og Finnbogi Rútur Arnarson, tengiliður utanríkisráðuneytisins við DAC, og svöruðu spurningum nefndarinnar.

Greint var frá því að Ísland ætti sæti í vinnuhópi DAC sem fjallar um hversu mikið af kostnaði vegna móttöku flóttamanna og hælisleitendur skuli telja fram sem opinbera þróunaraðstoð (ODA). Þrátt fyrir að vilji sé innan vinnuhópsins að hafa skýrar reglur sem allir fara eftir hefur reynt erfitt að finna lausn sem öll ríki vinnuhópsins geta sætt sig við. Taka íslensk stjórnvöld þátt í þessari í vinnu ásamt öðrum Norðurlandarákjum og nágrannalöndum Íslands. Næsti ráðherrafundur DAC verður 30. október og er stefnt að því að knýja fram ákvörðun á þeim fundi.

Fulltrúi nefndarinnar innti eftir því hvort að stjórnvöld væru bundin við þá skilgreiningu sem von væri á frá vinnuhópi DAC. Var nefndinni tjáð að Ísland þurfi ekki að telja fram öll framlög sem til falla í tengslum við hælisleitendur og flóttafólk til þróunaraðstoðar. Hins vegar sé ekki heimilt að telja fram kostnað umfram það sem er samið um hjá DAC.

Var nefndinni bent á að kynna sér nákvæma sundurliðun á framlögum Íslands til opinberrar þróunarsamvinnu:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=dc5e0a95-88cc-11e7-9419-005056bc4d74>

5. Önnur mál

Fulltrúar nefndarinnar gerðu athugasemd við þá ákvörðun utanríkisráðuneytisins að fulltrúar geti ekki sent staðgengla á fund nefndarinnar, aðra en þá sem hafa verið tilnefndir af viðkomandi

hagsmunaaðila eða skipaðir af ráðherra. Töldu fulltrúar nefndarinnar þetta vera of þrönga túlkun á lögum nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Greint var frá því að fulltrúum og varamönnum þróunarsamvinnunefndar yrði boðið að vera viðstödd lokafund úttektaraðila í tengslum við úttekt á skólum Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Ákveðið var að nefndin skyldi funda aftur 29. September 2017 kl. 09:15 og ræða úttektir og kynningarmál.

Ákveðið var að nefndin skyldi funda með forstöðumönnun sendiskrifstofa 27. október 2017 kl. 09:15.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:15